

Mál nr. 220/2010

Jón Ingvar Pálsson (M)

og

Vátryggingafélag Íslands hf. v/VISA Platinum

Ágeiningur um greiðsluskyldu vegna tjóns á bílaleigubifreið 04.07. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 21.07. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.07. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélag hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til ákvæði skilmála þar sem fram kemur að kaskótrygging gildir aðeins ef vátryggður hafnar því að kaupa af bílaleigunni "Loss Damage Waiver" tryggingu eða viðtæka vátryggingu vegna hins leigða ökutækis. Félagið telur ljóst að í bílaleigusamningnum sé ásamt öðrum vátrygginum kaskótrygging. Í málskoti sé á því byggt að umrædd vátrygging eigi að gilda þar sem engar auka tryggingar hafi verið keyptar af bílaleigunni, umfram þá vátryggingu sem innifalin er í leigugjaldinu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. ágúst 2010

Rúnar Guðmunsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.